

Þingsályktun

um varnir gegn mengun hafsins við Ísland.

Alþingi ályktar að hvetja til þess að efnt verði til ráðstefnu hér á landi um varnir gegn mengun við Ísland og annars staðar í Norðaustur-Atlantshafi þar sem sérstaklega verði fjallað um þá hættu sem fiskistofnum og mannvist á þessu svæði er búin vegna mengunar frá geisla-
virkum efnum. Felur Alþingi ríkisstjórninni að vinna að framgangi málsins.

Samþykkt á Alþingi 18. mars 1987.

